

Nr. 043 / 11 Örninn GK 204**Fær tóg í skrúfunu og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2606
IMO nr. 0
Smíðaður: Hafnarfirði 2004 Plast
Stærð: 11,6 brl. 15 bt.
Mesta lengd: 12,3 m Skráð lengd: 11,16 m
Breidd: 3,88 m Dýpt: 1,48 m
Vél: Volvo Penta 334 kW 2003
Fjöldi skipverja: 3



Örninn ©Guðmundur ST. Valvimarsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. apríl 2011 var Örninn GK 204 á siglingu um sjómílu suður af Ísólfskála Veður: NA 6 m/sek.

Skipstjóri varð var við að eitthvað kom í skrúfunu og kúplaði strax frá henni. Eftir að hafa náð upp tógi sem var í henni reyndu skipverjar að ná því úr skrúfunni án árangurs. Þegar þeir höfðu dregið upp tógið var akkeri frá legufæri við neðri endann.

Skipstjóri kallaði á strandstöð og óskaði eftir aðstoð við að draga Örninn til hafnar og á meðan beðið var dráttarins lét hann akkeri falla eftir að hafa lengt í því. Björgunarskipið Oddur V. Gíslason kom þeim til aðstoðar og dró Örninn GK til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra hafði annar bátur verið í vandræðum fyrr í vetur og legið við legufæri á svipuðum slóðum á Hraunsvíkinni en þegar björgunarbáturinn Árni í Tungu kom til að draga þá til hafnar skar hann legufærið í sjó;
- að skipstjóri Arnarins GK sagðist hafa dregið upp akkerið áður en björgunarskipið tók þá í tog.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins var drekafesti sem flaut í yfirborðinu.

Nefndin beinir því til sæfarenda að reyna að fremsta megni að draga upp færi og tóg sem geta orðið öðrum til tjóns eða mikillar hættu. Ef þess er ekki kostur og skilja þarf við það að setja belg á niðurstöðuna og reyna við fyrsta tækifæri að fjarlægja það.